

3
5. febr.

Auglýsing,

**er fellir að nokkru leyti úr gildi auglýsingu stjórnarráðsins
21. janúar 1908, um bólusótt í Brest á Frakklandi og í
Leith á Skotlandi.**

Auglýsing stjórnarráðsins 21. f. m., um að ákvæðum laga nr. 34, 6. nóv. 1902, um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands, verði beitt að því er snertir bæina Brest á Frakklandi og Leith á Skotlandi sökum bólusóttar þar, er feld úr gildi að því er bæinn Leith snertir, þannig að bæ þenna ber eigi lengur að skoða sem sýktan af tjeðum sjúkdómi.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist öllum þeim til leiðbeiningar, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 5. febrúar 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

4
14. febr.

Gjaldskrá

fyrir

h j e r a ð s l æ k n a.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 34, 16. nóvbr. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl., hefir með ráði landlæknis verið samin og sett eftirgreind gjaldskrá um borgun fyrir störf hjeraðslækna.

1. gr.

Ef ágreiningur verður milli hjeraðslæknis og sjúklings útaf gjaldi fyrir læknisverk og ekki er samið fyrir fram við lækni um gjaldið, svo sem um vissa þóknun á ári, þá skal fara eftir ákvæðum gjaldskrár þeirrar, er hjer fer á eftir, hvort sem læknisverkið er unnið í þarfir hins opinbera eða einstakra manna.

2. gr.

Nú er eigi til tekið í þessari gjaldskrá, hversu gjalda skal fyrir eitthvert verk, og skal þá gjaldið fara eftir ákvæðum um svipuð verk, og fellur ágreiningur um það efni undir úrskurð landlæknis.

3. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. maí 1908.

A. Almenn lækniwerk.

4

14. febr.

1. Fyrir að vitja sjúklings eigi lengri veg en nemi $\frac{1}{10}$ úr mílu frá bústað lækni skal greiða 5 fyrstu skiftin, sem sjúklings er vitjað í sama sjúkdómi, fyrir hverja vitjan kr. 1.00
En fyrir ferð í skip, er liggur á höfn, skal greiða fyrir fyrstu ferð — 4.00
2. Fyrir hverja vitjan þar á eftir í sama sjúkdómi komi hálf gjald.
3. Fyrir fyrsta viðtal við sjúkling heima hjá lækni — 1.00
4. Fyrir hvert viðtal síðan um sama sjúkdóm komi hálf gjald.
5. Gjaldið fyrir vitjan eða viðtal nær yfir rannsókn á sjúklingnum, ráðleggingar lækni og lyfseðil.
Þó má taka 1—2 kr. meira, ef rannsóknin er einkar nákvæm og til hennar þarf augna-, barkakýlis- eða leggangs-spegil, eða smásjá.
6. Ekkert sjerstakt gjald má taka fyrir vitjan eða viðtal, ef lækni er leitað til þess eins að vinna án rannsóknar eitthvert ákveðið lækniwerk, t. d. draga út tönn, taka þvag af manni, eða önnur þau verk, sem gjald er sett fyrir í þessari gjaldskrá, er nemi jafn miklu eða meiru en venjulegt viðtals- eða vitjunargjald.
7. Eigi má heimta gjald fyrir fleiri vitjanir en eina á dag, nema þær sjeu gerðar í samráði við sjúklinginn eða sífjallið hans eða megi teljast sjálfsagðar vegna sjúkdómshættunnar.
8. Ef lækni hefir til meðferðar fleiri sjúklinga en einn í seun, og eru þeir allir úr sama sífjallið og á sama heimili, þá skal koma fult gjald, samkvæmt 1.—4. lið, fyrir fyrsta sjúklinginn, en hálf fyrir hvern hinna.
9. Fyrir vitjan eða viðtal á næturþeli, frá náttmálum til miðs morguns, skal koma tvöfalt gjald á við það, sem til er tekið í 1.—4. lið og 7. lið.
10. Nú er lækni kvaddur til aðstoðar öðrum lækni, og skal þá gjalda honum 1—3 kr.
11. a) Stutt vottorð um heilbrigði eða sjúkleik manns — 1.00
b) Nákvæm sjúkdómsskýrsla — 3.00
c) Nákvæm sjúkdómsslýsing og rökstutt álit, t. d. um geðveika menn — 5.00
12. Að skrifa brjef eftir beiðni um meðferð á sjúklingi — 1.00
13. Líkskóðun og stutt dánarvottorð — 2.00
14. Lík krufið eftir einstaklings bón — 5.00
15. Lík krufið eftir kröfu lögreglustjóra — 16.00
Ef tveir lækni hjálpast að, skiftist gjaldið jafnt á milli þeirra.
16. Fyrir efnarannsókn eða smásjarrannsókn, þá er um eitran er að ræða, ásamt skýrslu um málið — 4.00

4
14. febr.

Þegar lík er krufið, skal þó ekkert greiða sjer í lagi fyrir slíka rannsókn.

Ef meira en 5 stundir ganga til starfsins, skal greiða tvöfalt gjald.

17. Tilraun til að lifga mann úr dauðadái	kr. 2.00
18. Fyrir rannsókn á matvöru, lyfjum, húsum, vatnsbólum og því um líku, ásamt skýrslu um málið	— 3.00
19. Að sjá um bað á sjúklingi	— 1.00
20. Að svæfa sjúkling	— 3.00
21. Nuddaðgerð	— 1.00
22. Vatnslækningaaðgerð	— 1.00
23. Rafmagnsaðgerð með jöfnum (konstant) straumi	— 2.00
24. Rafmagnsaðgerð með hvikulum (induktion) straumi	— 1.00
25. Dæling lyfja í holdið (auk lyfjaverðsins); dæling í þvaggang eða þarfagang	— 1.00
Ef nákvæmrar sóttkveikjuvarúðar þarf við, skal gjalda helmingi meira.	
26. Pinill (bougie) settur inn eða þvagleggur (katheter) eða þarfagangleggur, með idælingu eða án, og svipuð verk	— 1.00
27. Settur inn magakanni eða kokleggur	— 1.00
Ef þrengsli eru í vælindanu eða skola þarf magann eða rannsaka innihald hans eftir máltíð, skal gjalda	
28. Skytt er að leggja lækni til eða gjalda honum fullu verði verkfæri og umbúðir, er eigi verða notuð nema einu sinni, eða nauðsyn ber til af einhverjum ástæðum að ónýtt sjeu, eða sjúklingur heldur þeim til afnota framvegis.	— 2.00
29. Ef þau verk, sem getur um í 22.—27. lið, eru gerð margsinnis fyrir sama sjúkling, þá er ekki fult gjaldið nema þrjú fyrstu skiftin, en hálf úr því.	
30. Blódtaka	— 1.00

B. Sjerstök læknisverk.

Handlæknisáðgerðir.

31. Að skera í grunna ígerð, eða víkka sár	— 1.00
32. Að skera í djúpa ígerð	— 5.00
33. Sár skafið með beittum skefli, án þess að skorið sje til	— 1.00
34. Að binda um lítið sár í fyrsta sinn:	
a) án saums	— 1.00
b) sárið saumað	— 2.00
35. Að sauma saman stórt sár og binda um í fyrsta sinn	— 5.00

	4	
36. Að setja á meiri háttar fastar umbúðir, eða teygingarumbúðir, í hvert sinn	kr. 3.00	14. febr.
37. Að binda fyrir meiri háttar æð, eitt um sig, eða gera við útæðarhnút (aneurisma)	— 8.00	
38. Að skera sundur sin	— 3.00	
39. Að sauma saman sin	— 5.00	
40. Taug losuð, eða skorin sundur, eða teygð, eða saumuð saman	— 6.00	
41. Að ná út aðskotahlutum (corpora aliena):		
a) úr opum líkamans, án skurðar	— 2.00	
b) úr barkakýli eða vælinda án skurðar	— 4.00	
c) úr holdi, með skurði	kr. 1.00—5.00	
42. Að ná aðskotahlutum eða beinflisum úr skotsári	kr 3.00	
43. Að ná út vökva með ástungu:		
a) úr vatnshaulvi (hydrocoele)	— 2.00	
b) úr brjóstholi, kviðarholi, blöðru eða eggjastökk	— 3.00	
44. Tekin af lítil, auðveld æxli, eða sullir, sem eru utan á líkamanum	— 2.00	
45. Að taka af stór og erfið æxli eða sulli, er vaxið hafa utan á líkamanum	— 8.00	
46. Að setja legg í nefgang eyrans (tuba Eustachii) og blása inn lofti eða þrýsta inn vökva	— 1.00	
Ef oft er gert, þá fult gjald þrjú fyrstu skiftin, en hálf úr því.		
47. Að stífla nefið	— 1.00	
48. Að brenna innan nefið eða taka innan úr því með galvanbrennara	— 3.00	
49. Smáaðgerðir á hljóðhimnu og hljóðholu	— 2.00	
50. Erfið aðgerð á miðeyranu, inn um hlustina	— 6.00	
51. Að bora inn í klettbeinið (proc. mastoideus) eða meitla	— 7.00	
52. Að taka burt:		
a) tungukirtil	— 2.00	
b) beræxli (polyp) úr nefi eða koki	— 4.00	
c) kirtilauka úr koki	— 4.00	
53. Smáaðgerðir á barkakýlinu, lyf sett inn í það o. þ. h.	— 2.00	
54. Stórar aðgerðir innan í barkakýli, æxli tekin úr því	— 15.00	
55. Að laga beinbrot og binda um:		
a) einn eða fleiri fingur eða tær, brotið andlitsbein eða viðbein eða herðarblað, eða rif, eitt eða fleiri; brotið bein í mjaðmagrind, í úlflið, þar með talinn úlfliðsendi geislabeinsins (fractura Collesii), eða ristarkrók, í handarbaki eða rist	— 2.00	
b) upphandleggur, framhandleggur, fótleggur	— 3.00	
c) lærleggur, lærbeinsháls	— 6.00	
d) hnjeskel	— 3.00	
e) hnjeskel saumuð saman	— 8.00	
56. Ef bein er brotið og standa brotin út úr húðinni, hækka gjöldin í 55. lið um	kr. 1.00—5.00	

4	57. Að taka af limi um liðamót, eða millum þeirra:	
14. febr.	a) lærleggur, upphandleggur	kr. 10.00
	b) fótleggur, framhandleggur	— 8.00
	c) fótur eða hönd	— 6.00
	d) fingur eða tál eða einstakir kögglar	— 2.00
58.	Að taka nögl af fingri eða tál	— 2.00
	Ef 2 eða fleiri neglur eru teknar í senn, þá er fullt gjald fyrir þá fyrstu, en hálf fyrir hverja hinna.	
59.	Að skilja samvaxna fingur eða tær	— 4.00
60.	Að miðhluta leggi (resectio)	— 10.00
61.	Að miðhluta liði eða efri kjálka, eða neðri	— 15.00
62.	Að miðhluta rif	— 5.00
63.	Höfuðskelin opnuð	— 10.00
64.	Opnuð kjálkaholan	— 4.00
65.	Að þrautrjetta kreptan lim, eða brjóta upp aftur ranggróið bein	— 6.00
66.	Að opna lið til útræslu eða til að ná út aðskotahlut	— 6.00
67.	Bein meitlað til mergjar	— 8.00
68.	Bein skorið sundur (osteotomi)	— 7.00
69.	Ef það er í mjöðminni	— 10.00
70.	Aðgerð á njórafæti (pes varoequinus)	— 8.00
71.	Aðgerð á liðhlaupi og fyrstu umbúðir:	
	a) kjálkaliður	— 1.00
	b) axlarliður	— 2.00
	c) augnakarlar	— 4.00
	d) ölnbogaliður, hnjáliður, öklaliður, eða úlfiður	— 3.00
	e) fingurliður, táliður	— 1.00
72.	Ef liðhlaupið er gamalt, er gjaldið tvöfalt á við það, sem til er tekið í 71. lið.	
73.	Hinar meiri sköpulagsaðgerðir: gert augnalok, nef, vör eða gómur; gert við margbrotið skarð í vör	— 10.00
74.	Gert við einfalt skarð í vör	— 6.00
75.	Að stýfa af tungunni eða tunguna af	— 8.00
76.	Að opna barkakýlið eða barkann	— 8.00
77.	Að skera stykki úr barkakýlinu	— 15.00
78.	Að opna kokið eða vælindið	— 15.00
79.	Að skera til graftar í lungnasekknum	— 8.00
80.	Að opna þarfagang, þvaggang eða leggang, ef luktir eru að utan	— 3.00
81.	Að opna, ef lukt er inni fyrir í þarfagangi, þvaggangi, leggangi eða legopi	— 7.00
82.	Aðgerð á innýflum í kviðarholi, skorin út æxli, sullir skornir úr kviðarholi eða brjóstholi	— 20,00
83.	Að ýta inn hræranlegu kviðsliti eða þarfagangssigi	— 2.00
84.	Að þrýsta kviðsliti úr sjálfheldu	— 6.00

		4
85. Aðgerð á sjálfheldu kviðsliti, fullnaðarviðgerð á kviðsliti, gerður þarfagangur, eða lokað skökkum þarfagangi (anus præternat.) . . .	kr. 15.00	14. febr.
86. Aðgerð á þarfagangsfistli, eða þarfagangssigi, eða gylliniæð . . .	— 6.00	
87. Tekinn út þarfagangurinn	— 15.00	
88. Tekið þvag af manni	— 2.00	
89. Tekið þvag af konu	— 1.00	
90. Ef aðgerðir þær, sem um getur í 88. og 89. lið, eru iðkaðar um langan tíma, þá er fult gjald í fyrsta skifti, en hálf úr því.		
91. Skorin »phimosi« eða »paraphimosi«	— 3.00	
92. Löguð »paraphimosi«, án skurðar	— 1.00	
93. Þvaggangsskurður	— 6.00	
94. Aðgerð á þvaggangsfistli	— 6.00	
95. Að taka »penis« af	— 6.00	
96. Að spegla blöðruna, það eitt	— 5.00	
97. Að skola blöðruna, það eitt	— 1.00	
98. Að skera til steins, eða mylja stein (í einni eða fleiri lotum) . . .	— 20.00	
99. Aðgerð á æðahaulvi (varicocoele)	— 5.00	
100. Að vefja heftiplástri um eista	— 1.00	
101. Að skera í vatnshaul	— 6.00	
102. Að taka úr annað eða bæði eistu	— 8.00	
103. Blóðgjöf (transfusio)	— 8.00	
104. Skift umbúðum eftir hinar meiri aðgerðir, þar sem þörf er á fullri sóttkveikjuvarúð	— 2.00	
105. Sama eftir hinar minni aðgerðir	— 1.00	
106. Ef oft er skift umbúðum eftir sömu aðgerð, þá er fult gjald fyrir 3 fyrstu skiftin, en hálf úr því.		

Augnlækniðverk.

107. Að rannsaka sjónina	— 2.00
Ef vottorð er veitt	— 3.00
108. Aðgerð á of þröngri hvarmagátt, eða of víðri, eða samvaxinni . . .	— 4.00
109. Aðgerð á augnaloki, ef vaxið er við augað	— 8.00
110. Aðgerð á úthverfðu augnaloki	— 6.00
111. Að skera af augnaloksfellingu, ef augahimnan er bólgin	— 2.00
112. Aðgerð á innhverfðu eða lafandi augnaloki (ptosis) í einni eða fleiri lotum	— 6.00
113. Að kanna tárögöngin	— 1.00
Ef oft er gert, þá er fult gjald fyrir 3 fyrstu skiftin, en hálf úr því.	
114. Aðgerðir á tárasekksfistli, eða tekinn úr tárasekkur, eða gert við fistil frá tárakirtli	— 7.00

4	115.	Tekinn úr tákirtill	kr.	7.00
14. febr.	116.	Tekið vængský (pterygium) af auga	—	6.00
	117.	Að taka út aðskotahluti:		
	a)	úr augahimnu (conjunctiva)	—	1.00
	b)	úr sjáaldri (cornea)	—	2.00
	c)	úr augnatótt	—	4.00
	d)	úr miðju auga	—	8.00
	118.	Aðgerð á rangeygð	—	10.00
	119.	Að galvanbrenna augahimnu eða sjáaldur	—	3.00
	120.	Að lita vagl á auga (macula corneæ), í einni eða fleiri lotum.	—	7.00
	121.	Skorið inn í fremra augnahólf	—	4.00
	122.	Skarð skorið í lithimnu (iris), gert ljósop í auga	—	10.00
	123.	Aðgerð á stari (cataracta) eða dreri (glaucoma)	—	15.00
	124.	Að skera starleifar úr auga, í einni eða fleiri lotum	—	10.00
	125.	Að taka auga úr manni	—	10.00
	126.	Að velja gerviauga og setja í	—	1.00
	127.	Að setja á gerviblóðsugur	—	2.00

Hjálp í barnsnaud og aðgerðir við kvensjúkdómum.

	128.	Að rannsaka hvort kona er barnshafandi, hvort hún hefir alið barn, hvort getnaðarfærin eru heilbrigð	—	2.00
	129.	Að sitja yfir konu við eðlilegan barnsburð	—	4.00
	130.	Þegar tvíburar fæðast, þriðjungi hærra gjald.		
	131.	Ef lengur stendur á fæðingu en 2 tíma, skal greiða fyrir hverja hálfu stund upp frá því 25 aura.		
	132.	Að taka barn:		
	a)	með höndunum	—	3.00
	b)	venda barni eða taka það með töngum	—	4.00
	c)	vending, útdráttur og töng í einu; eða höfuðstunga með eða án þess að kremja höfuðið á eftir (kranioklasi); eða sundurlimun; eða nárabeinsskurður (symphyseotomi)	—	8.00
	d)	þegar fylgjuna ber að, í viðbót	—	3.00
	133.	Að hjálpa þegar konu leysist höfn	—	4.00
	134.	Að koma á stað fæðingu fyrir tímann, eða fósturláti	—	6.00
	135.	Keisaraskurður á lifandi konu	—	20.00
	136.	Keisaraskurður á andaðri konu	—	5.00
	137.	Að taka fylgju, en hafa ekki hjálpað þegar barnið fæddist	—	4.00
	138.	Að stöðva blóðlát eftir barnsburð, en hafa ekki tekið barnið	—	4.00
	139.	Aðgerð á nýrri klofrifu	—	2.00
	140.	Aðgerð á gamalli klofrifu	—	8.00
	141.	Ef rifan nær aftur að þarfaganginum	—	10.00

142. Aðgerð á fistli milli þarfagangs og leggangs, milli þvagblöðru og leggangs, þvagstokks og leggangs, eða því um líkt	kr. 15.00	4 14. febr.
143. Að setja lyfstauta (bacilli) inn í legið, eða skola það, eða brenna innan legháls eða legbol	—	2.00
144. Að setja inn leghring og laga legið	—	2.00
145. Að laga umhverft leg	—	5.00
146. Óblóðug vikkun á legopi og leghálsi	—	3.00
147. Blóðug vikkun á legopi	—	4.00
148. Saumuð saman gömul leghálsrifa	—	7.00
149. Að skafa innan legið	—	4.00
150. Að stýfa af legi út um legganginn	—	8.00
151. Að taka úr legið alt	—	20.00
152. Að rannsaka barnfóstru	—	2.00

Tannlæknisverk.

153. Að hreinsa allar tennur	—	1.00
154. Að draga úr tönn eða rót	—	1.00
Ef margar tennur eða rætur eru dregnar úr í sama sinni, þá er fult gjald fyrir fyrstu tönn, en hálf fyrir hverja hinna.		
155. Að fylla holu í tönn:		
a) brætt í holuna	—	2.00
b) gull í holuna	—	5.00
c) tin og gull í holuna	—	3.00
156. Að hylja bert hold í tönn, eða taka úr, eða deyða	—	1.00
Ef hold er deytt í mörgum tönnum í senn, þá er fult gjald fyrir fyrstu tönn, en hálf úr því.		
157. Öll sóttkveikjuhreinsun á holri tönn eða tannfari	—	1.00
158. Að opna igerð inni í munni og aðrar einfaldar, blóðgar aðgerðir	—	1.00
159. Meiri háttar, blóðgar aðgerðir í munninum	—	3.00
160. Sorfnar randir af tönn	—	1.00
Ef margar eru sorfnar í senn, fult gjald fyrir hina fyrstu, en hálf úr því.		
161. Að deyfa tannhold, þá er gert er að tönn	—	1.00
162. Að stilla mikla blóðrás eftir tannaðgerð	—	1.00
163. Að gera gervitannaflögu úr kássúki	—	5.00
164. Viðgerð á tannflögu, hálf gjald.		
165. Fyrir hverja tönn, sem fest er í flöguna (163)	—	3.00
Fyrir hvern jaxl, í viðbót kr. 3.00.		
166. Krókar eða spengur úr dýrum málm, til þess að festa eða styrkja flöguna	—	3.00

4	167. Tannflaga úr dýrum málm, auk málmverðs	kr. 7.00
14. febr.	168. Hver tónn fest á þá flögu (167)	— 5.00
	169. Fyrir stingtönn	— 5.00
	170. Fjaðrir og fjaðrahöld úr gulli á heilan tanngarð	— 7.00

Þetta birtist öllum þeim til leiðbeiningar, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 14. febrúar 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

5
14. febr.

Reglugjörð

um

breyting á prófreglugjörð 18. apríl 1907 fyrir gagnfræðadeild hins almenna mentaskóla í Reykjavík.

Í stað 7. gr. prófreglugjörðar 18. apríl 1907 kemur ný (7.) grein, er orðast þannig:

Við gagnfræðapróf skal gefa þessar einkunnir 8, 6, 4, 2, 0. Við samlagning á þessum einkunnum geta komið fram millieinkunnirnar 7, 5, 3 og 1. Einkunnina 8 skal aðeins gefa þá er frammistaða nemandar er óvenjulega góð, en einkunnina 0 aftur á móti, er frammistaðan er afar aumleg. Fyrtaldar einkunnir: 8, 6, 4, 2, 0, skal og gefa á skólaárinu og reikna árseinkunnina út eftir þeim. Við þann útreikning geta komið fram síðartaldar einkunnir (millieinkunnirnar 7, 5, 3 og 1). Sleppa skal öllum brotum, en halda einungis heilu tölunum, eigi aðeins þegar deilt er einkunnum þeim, sem gefnar eru á skólaárinu, heldur einnig þegar meðaltal er tekið af árseinkunninni og prófseinkunninni.

Árseinkunn fyrir frágang á skriflegum úrlausnum kemur út við það, að lagðar eru saman einkunnir þær, sem allir kennarar í uámsgreinum þessum hafa gefið á skólaárinu, og útkomunni síðan deilt með tölu einkunnanna; komi út meira brot en $\frac{1}{2}$, sje það hækkað upp í heilan, en $\frac{1}{2}$ broti og þaðan af minna sje slept.

Þetta birtist öllum þeim til leiðbeiningar, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 14. febrúar 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.